

FRÁSÖGN

af samráðsfundi Norðurlanda og Eystrasaltslanda á þingi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu 22. febrúar 2021.

Formenn landsdeilda Norðurlanda og Eystrasaltslanda á ÖSE-þinginu funduðu með fjarfundarbúnaði. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Gunnar Bragi Sveinsson, formaður, Bryndís Haraldsdóttir, varaformaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Á dagskrá var undirbúningur fyrir stjórnarnefndarfund þingsins og drög að nýjum starfsreglum þingsins á tímum neyðarástands.

Bowness lávarður, forseti ÖSE-þingsins, tók þátt í fundinum. Hann tók við embættinu í lok ársins 2020 í kjölfar kosninga í Georgíu, heimalandi fyrrverandi forseta, George Tsereteli. Bowness lávarður fagnaði virkri þátttöku þingmanna frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á ÖSE-þinginu og benti á að meðal þingmanna landahópsins væru tveir varaforsetar þingsins, gjaldkeri og tveir sérlegir fulltrúar auk skýrsluhöfunda. Forseti kynnti stuttlega drög að nýjum starfsreglum þingsins á tímum neyðarástands sem hann lagði fram sem formaður sérnefndar um starfsreglur og vinnulag ÖSE-þingsins. Hann ítrekaði mikilvægi þess að samþykkja reglurnar til að tryggja starfshæfni þingsins.

Bowness lávarður sagði einnig stuttlega frá störfum þingsins í þágu friðarumleitana í Nagorno-Karabakh og í Hvíta-Rússlandi. Hann sagði nauðsynlegt að byggja á vopnahléinu milli Aserbaísjan og Armeníu og hvetja til friðarviðræðna. Framkvæmdastjóri þingsins, fyrrverandi forseti og sérlegir fulltrúar hefðu verið í sambandi við þingmenn frá umræddum löndum. Þá hefðu fulltrúar nefndar ÖSE-þingsins um lýðræði og mannréttindamál átt í samskiptum við forsetaframbjóðandann Svjatlönu Tsíkhanovskaju, fulltrúa stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi.

Ákveðið var að halda næsta samráðsfund Norðurlanda og Eystrasaltslanda á ÖSE-þinginu í maí. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.